

## **GJALDSKRÁ**

### **fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ**

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

#### **1. gr. Vatnsgjald**

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

#### **2. gr. Stofn til álagningar vatnsgjalds**

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 20 kr. pr. m<sup>2</sup> vegna íbúðarhúsa, og 130 kr. pr. m<sup>2</sup> vegna annars húsnæðis samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Auk þessa skal greiða 1.580 kr. pr. matseiningu árlega vegna íbúðarhúsa, og 21.470 kr. pr. matseiningu árlega vegna annars húsnæðis.

#### **3. gr. Gjalddagar**

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

#### **4. gr. Aukavatnsgjald**

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa mánaðarlega greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

0-20.000 m <sup>3</sup>	42,29 kr. pr. m <sup>3</sup>
Umfram 20.000 m <sup>3</sup>	14,50 kr. pr. m <sup>3</sup>

## **5. gr. Mælaleiga**

Greiðendur notkunargjalds skulu mánaðarleiga greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á mánuði
að 20 mm	910 kr.
20-24 mm	1.280 kr.
25-31 mm	1.620 kr.
32-39 mm	1.920 kr.
40-49 mm	2.570 kr.
50-74 mm	7.740 kr.
75-99 mm	8.390 kr.
100 mm og stærri	9.040 kr.

## **6. gr. Heimæðargjald**

Utanmál	Inntaksgjald	Yfirlengd
32 mm	415.640 kr.	8.890 kr./pr. m
40 mm	539.720 kr.	10.130 kr./pr. m
50 mm	727.890 kr.	11.370 kr./pr. m
63 mm	1.021.530 kr.	14.060 kr./pr. m
75 mm	1.428.890 kr.	19.640 kr./pr. m
90 mm	1.728.480 kr.	31.010 kr./pr. m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar víðari en 90 mm greiðist samkvæmt reikningi.

Ef farið er með heimtaug í gegnum frágengna lóð greiðir húseigandi frágang samkvæmt kostnaðarverði. Ef frost/klöpp er í jörðu er heimilt að innheimta 25% viðbótarálag.

## **7. gr. Ábyrgð á greiðslu gjalda.**

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

**8. gr.  
Gildistaka**

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með xx.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, xx 2026

---

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri